

ÍSLENSKAR
MYSUAFURÐIR

Umhverfisvandamál eða viðskiptataækifæri?



Mysu í stað bjórs

Velvakandi!

Einhvern tíma lét mjólkurfræðingur það frá sér fara að úr mysu mætti gera áfengan drykk, svipaðan kampavíni. Nú vita allir að landbúnaðurinn á í örlagaríkum erfiðleikum og áður en langt um líður streymir mysa út í stórfjót Íslands, engum til gagns.

Ef þetta er satt sem mjólkurfræðingurinn sagði, að mysa væri efni í veisludrykk, því þá ekki að sleppa allri þessari bjórþvælu og nota mysu í staðinn. Áfengir drykkir úr mjólk hafa þekkt frá örófi alda hjá Mið-Asíuþjóðum. Kannski var sá drykkur nefndur Kúmýs.

Það er víst að Gengis Kahn hefur drukkið þennan drykk og hans menn sömuleiðis. Þeir stofnuðu víðlendasta ríki veraldar. Mönnum þótti þessir herir leiðinlegir og sögðu að gras sprytti ekki undan fótum hesta þeirra. Þetta var nú reyndar sagt um Alta Húnakóng í Atlakviðu:

Drukku þar dróttmegir

– en dyljendur þögðu
– vín í Valhöllu,
vreiði sáust þeir Húna:
kallaði þá Knéfróður
kaldri röddu,
seggur hinn suðræni,
– sat hann á bekk háum.

Hér er talað um að Álfmenni hafi drukkið vín, enda voru þeir þá búnir að sigra vínræktarþjóðir. Hinsvegar drukku þeir áfenga mysu í herförum og mun þeirra orðstír uppi meðan jörð stendur.

Vor vesæla eyþjóð á hjara veraldar hefur aldrei kunnað að brugga nema það litla sem Grænlandingabiskup vildi kenna um brugg úr krækiberjum. Þess vegna er mál til komið að vér notum mysuna og forðumst bjór og alla útlenda vellyst en bruggum kampavín úr mysu, bændum og þjóðmenningunni til styrktar og uppihalds, því hvað sagði ekki skáldið. „Bóndi er bústólpi, bú er landstólpi, því skal hann virður vel.

S.G.




Bréfitari mælir með því að bruggað verði úr mysu í stað þess að leyfa bjórinn.

Morgunblaðið
25. mars 1986

Ef þetta er satt sem mjólkurfræðingurinn sagði, að mysa væri efni í veisludrykk, því þá ekki að sleppa allri þessari bjórþvælu og nota mysu í staðinn.







Ferlið



Þannig varð vandamál að
tækifæri!

